

**Úrskurðarorð:**

Opinber skipti skulu fara fram á dánar- og félagsbúi hjónanna Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur. Hinn reglulegi skiptaráðandi vikur ekki sæti í málinu.

Föstudaginn 26. september 1969.

Nr. 16/1968. **Guðbrandur Valtýsson** (Gísli G. Ísleifsson hrl.)  
 gegn  
**Ingólfi Ólafssyni** (Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Fjárnámsgerð staðfest.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. janúar 1968. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega frávisunar málsins frá Hæstarétti, en til vara sýknu af öllum kröfum áfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Að kröfu stefnda var hinn 16. ágúst 1967 gert fjárnám í kjallaraíbúð í húsinu nr. 65 við Efstasund hér í borg til tryggingar dómskuld að fjárhæð kr. 14.500.00, vöxtum og kostnaði. Stefndi var dómhafi, en dómþolandi Gunnar Jónasson, Efstasundi 65. Samkvæmt afsals- og veðmálabókum Reykjavíkurborgar var íbúð þessi þá þinglesin eign stefnda, en hann hafði afsalað Gunnari Jónassyni íbúðinni hinn 16. nóvember 1966. Var því afsali þinglýst 18. desember 1967. Gunnar Jónasson afsalaði áfrýjanda íbúðinni hinn 14. marz 1967, en því afsali var þinglýst 20. desember 1967.

Krafa stefnda um frávisun málsins hefur ekki verið studd neinum haldbærum rökum.

Það er meginregla, að réttindum yfir fasteign skuli þing-

lýsa, til þess að þau haldi gildi gegn skuldheimtumönnum eiganda. Eignarrétti áfrýjanda hafði ekki verið þinglýst, er fjárnáminu var þinglýst, sbr. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 19/1887, og vikur hann því fyrir skuldheimtumanni Gunnars Jónasonar, en eigi skiptir máli, hvort stefndi var grandlaus um hinn óþinglýsta eignarrétt áfrýjanda. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

#### Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Guðbrandur Valtýsson, greiði stefnda, Ingólfi Ólafssyni, kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 16. ágúst 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 16. ágúst, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Efstasundi 65 og haldinn af fulltrúa yfirborgarfégeta Hauki Davíðssyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-1332/1967: Ingólfur Ólafsson gegn Gunnari Jónassyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 179/1967. Nr. 1 fylgir með í eftirriti. Nr. 2 fylgir með í frumriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Hilmar Ingimundarson héraðsdómslögmaður vegna Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 14.500.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. marz 1967 til greiðsludags, kr. 130.00 fyrir birtingu og eftirlit, endurrits- og birtingarkostnað, kr. 75.00 í stimpil- og bankakostnað, kr. 3.350.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir kona hans, Svanfríður Guðmundsdóttir, sem býr/starfar hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt og ekki vísað á eignir til fjárnáms.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni Efstasundi 65

(2ja herb. kjallaraíbúð,  $\frac{1}{3}$  hl. húseignarinnar). Umboðsmaður gerðarbeiðanda upplýsir, að gerðarþoli hafi keypt íbúð af gerðarbeiðanda, Ingólfi Árnasyni, og var gengið frá sölunni á skrifstofu Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns. Gerðarþoli hefur ekki látið þinglýsa afsali um íbúðarkaupin. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

---

Föstudaginn 26. september 1969.

Nr. 114/1969. **Jón Magnússon**  
 gegn  
**Erlu Emilsdóttur.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

### Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 30. maí 1969, hingað kominni 19. júní s. á., kært til Hæstaréttar frávísunardóm í máli aðilja. Krefst hann þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Kærumálskostnaðar krefst hann úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa engar kröfur borizt.

Gervi víxils þess, sem í málinu greinir, er í lagi, sbr. 1. og 80. gr. laga nr. 93/1933. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dóms.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

### Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.